

**Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,
haldinn á Center Hótel Miðgarði við Hlemm.
Fimmtudaginn 26. apríl 2018**

Fundarstjóri: Óskar Guðjónsson

Fundarritari: Lísu Z. Valdimarsdóttir

Óskar Guðjónsson setti fundinn kl. 13:00 og bauð fundargesti velkomna.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2017-2018. Stjórnin hélt samtals 8 fundi á árinu, auk haustfundar og aukaaðalfundar í nóvember 2017.

Á árinu var léni félagsins breytt úr fina.is í sfa.is og var tækifærið notað til að fara ítarlega yfir vefmál og fleira sem tengdist yfirfærslunni. Heiti póstlista félagsins var einnig breytt og heiti Facebook hóps.

Ritari hefur haldið utan um félagaskrá og séð um vef og póstlista. Gjaldkeri hefur haldið vel utan um fjármál félagsins og séð um innheimtu félagsgjalda.

SFA tilnefndi Óskar Guðjónsson og Pálínu Magnúsdóttur í Bókasafnsráð eftir óskum um tilnefningar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Aukaaðalfundur var haldinn í nóvember 2017 þar sem stjórn kynnti tillögur að lagabreytingum sem voru samþykktar efnislega og nokkrar til viðbótar urðu til í umræðunni. Fundurinn vísaði lokaafgreiðslu breytinganna til aðalfundar. Að loknum lagabreytingaumræðum hlustuðu haustfundargestir á *Samfélagsmiðlun sem virkar*, erindi Margeirs Steinar Ingólfssonar sérfræðings hjá Hugsmiðjunni.

Sama dag hélt ritari erindi um SFA samstarf á örerindaröð Upplýsingar *Samstarf og samstaða* í anda IFLA Global vision.

Formaður þakkaði í lokin fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir skemmtilegt, óeigingjarnt og gefandi samstarf og óskaði nýrri stjórn alls hins besta.

2. Reikningsuppgjör

Gjaldkeri gerði upp árið og stendur félagið vel. Reikningar voru samþykktir.

3. Lagabreytingar

Formaður fór yfir þær lagabreytingartillögur sem lagðar voru til á aukaaðalfundi og vísað var til aðalfundar. Þær helstu voru:

- Stjórn í heild skipti með sér verkum eftir kosningu á aðalfundi og tekið úr lögum að formaður verði sérstaklega kosinn á aðalfundi (5. gr.)
- Aðalfundur standi á undan aukaaðalfundi í fyrstu setningu (10. gr.)
- Aukaaðalfundur skal líkt og aðalfundur boða með minnst 30 daga fyrirvara (9. gr.)
- Aðalfundur og aukaaðalfundur skal boða skriflega (9. gr.)
- Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn að minnsta kosti 14 dögum fyrir boðaðan aðalfundur eða aukaaðalfundur (10. gr.)

Að auki voru lagðar til breytingar á 9. gr.

- Kosning þriggja stjórnarmanna, formanns og tveggja aðalmanna og eins varamanns til tveggja ára í senn.

Lagabreytingartillögur voru allar samþykktar og stjórn falið að ganga frá þeim.

4. Kosning stjórnar

Formaður tilkynnti að stjórn gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Gefið hafa kost á sér í stjórn forstöðumenn á Reykjanesi, Andrea Ævarsdóttir Bókasafni Grindavíkur, Björk Garðarsdóttir Bókasafni Sandgerðis, Jóhanna Bókasafninu í Garði, Stefnía Gunnarsdóttir Bókasafni Reykjanesbæjar og forstöðumaður Lestrarfélagsins Baldurs, en núverandi forstöðumaður Una N. Svane mun hætta störfum í vor. Ný stjórn var kosin einróma.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna .

Barbara Guðnadóttir og Sólveig Arngrímsdóttir gáfu kost á sér áfram og voru þær kosnar.

6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.

Fjárhagsáætlun 2018 var borin upp og hún samþykkt. Lagt var til að félagsgjöld ársins 2018 myndu hækka um 250 kr. úr 9.250 kr. í 9.500 kr. Var það samþykkt.

7. Önnur mál

a) Margrét Sigurgeirsdóttir kynnti bókasafnsdaginn 2018. Þemað í ár er lestur er bestur fyrir vísindin. Dagurinn snýst um að gera hann skemmtilegan fyrir starfsfólk og gesti. Í ár verða í fyrsta sinn veitt hvatningarverðlaun fyrir verkefni sem unnið er innan safns.

b) Nokkrir félagar sem munu láta af störfum á næstu vikum þökkðu fyrir sig, meðal annars Margrét Ásgeirsdóttir á bókasafni Norræna hússins, Hlíf S. Arndal á Bókasafni Hveragerðis og Una N. Svane Lestrarfélaginu Baldri.

c) Þóra Sigríður Ingólfssdóttir sagði frá starfsemi Hljóðbókasafnsins og stöðu þess gagnvart útgefendum.

d) Pálína Magnúsdóttir sagði frá stöðu mála varðandi útlán á hljóðbókum, en lítið er að gerast gagnvart útgefendum. Hún kynnti einnig frá ráðstefnurnar Rætur og vængir og Landsfund 2018.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:00